



Andlát

Við andlát frelsast múslimar undan áhyggjum lífsins. Múslimar eru alltaf grafnir en ekki brenndir því þeir trúá á upprisuna. Dómsdagur nefnist sá dagur sem þeir trúá að þeir muni rísa upp og verða að standa andspænis Guði og standa skil á gerðum sínum. Mikilvægt er að fara eftir vilja Guðs hvort sem er í hugsunum eða gerðum því á dómsdegi ræðst hvort þú ferð til paradísar eða helvítis. Það er því undir þér sjálfum komið á hvorum staðnum þú lendir, en Guð mun skera úr um það á dómsdegi.



Hér á Íslandi hafa múslimar haft sérstakan grafreit í Gufuneskirkjugarði síðan árið 1992. Múslimar fá einnig afnot af kapellunni í Fossvogi þar sem þeir halda minningarathöfn áður en greftrunin fer fram.

Við greftrun snýr andlit hins látna í átt að Mekku.

Spurningar

1. Hvers vegna vilja múslimar ekki láta brenna líkama sinn eftir andlát?
2. Hvar eru íslenskir múslimar jarðsettir?
3. Hvernig snýr líkami hins látna í gröfinni?